

## VIÐAUKI VIÐ ÚTGÁFULÝSINGU

skuldabréfa sem gefin eru út í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. samanber  
útgáfulýsingu dags. 23. júlí 2013

Breyting á 2. kafla útgáfulýsingarinnar „Upplýsingar um útgáfuna“

**Skuldabréf FIF 13 01 - Útgefandi FÍ Fasteignafélag slhf.**

**Gildistaka 27. september 2013**

### 1 Útgefandi skuldabréfanna

Viðauki þessi varðar verðtryggð skuldabréf sem gefin eru út undir flokki sem auðkenndur er sem FIF 13 01 með ISIN kóðann IS0000022770 (hér eftir „**skuldabréf**“). Útgefandi skuldabréfanna er FÍ Fasteignafélag slhf., kt. 571212-0210, með skráð aðsetur og höfuðstöðvar að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir „**útgefandi**“).

### 2 Breytingar á 2. kafla útgáfunnar „Upplýsingar um útgáfuna“

Í orðalagi skilgreininga í kafla 2.2. „Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda“, í öðrum kafla útgáfulýsingarinnar sem nefnist „Upplýsingar um útgáfuna“ kemur fram að grunnvísitala skuldabréfanna er vísitala neysluverðs til verðtryggingar (VNV) þann 20. Júlí. Vísitalan þann 20. Júlí var 412,6933, en í lýsingunni var misritað 414,6933. Því gerir útgefandi eftirfarandi breytingu á útgáfulýsingunni

- 2.1 Skilgreiningunni „Verðtrygging og grunnvísitala“ er breytt þannig að tölugildinu er breytt úr „414,6933“ í „412,6933“. Hljóðar því skilgreiningin svo eftir breytingu:

**Verðtrygging og grunnvísitala:**

Skuldabréfin eru bundin við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala skuldabréfanna er VNV þann 20. júlí, 412,6933.

### 3 Samþykki breytinga á skilgreiningum í kafla 2.2 útgáfulýsingar

Viðauki þessi var samþykktur af útgefanda skuldabréfaflokksins. Umsjónaraðili skilmálabreytinga í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. staðfestir framangreint samþykki.

### 4 Ábyrgðaraðilar viðauka við útgáfulýsingu

Nöfn og kennitölur þeirra sem bera ábyrgð á viðauka vegna skilmálabreytingar:

Útgefandi: FÍ Fasteignafélag slhf., kt. 571212-0210

Umsjónaraðili skilmálabreytingar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf:

MP banki hf. – Fyrirtækjaráðgjöf, kt. 540502-2930


**5 Staðfesting viðauka við útgáfulýsingu**

**Reykjavík 27. september 2013**



---

F.h. FÍ Fasteignafélags slhf.  
sem útgefanda



---

F.h. MP banka hf.  
sem umsjónaraðila skilmálabreytingar í kerfi  
Verðbréfaskráningar Íslands hf.